



Umhverfis- og skipulagssvið - Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Reykjavík, 2. júlí 2026
USK26050052

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 2.7.2026 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Fossvogsblettur 2-2A - Breyting á deiliskipulagi - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. júní 2026, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 24. júní 2026 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Fossvogsblettis 2 og 2A, ásamt fylgiskjöllum. Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Í áraraðir hefur verið mikil vöntun á leikskólaplássum víða um borg og þétting byggðar í Fossvogi síðustu ár hefur aukið enn frekar þörfina fyrir nýjan leikskóla. Þessi staðsetning er einstök enda gróðursæl og vel tengd útivistarsvæðum sem skapa börnum fjölbreytt og heilnæmt umhverfi til leiks og náms. Meirihlutinn fagnar því að unnið sé að uppbyggingu leikskóla á svæðinu og að með breytingunni verði hægt að fjölga leikskólaplássum úr 150 í allt að 200. Um leið er mikilvægt að tryggja að framkvæmdin taki fullt mið af umferðaröryggi og aðkomu að svæðinu. Samgöngumat bendir á ýmis atriði sem rétt er að fylgja eftir, meðal annars varðandi hraðastjórnun, sýnileika við inn- og útkeyrslur og öruggar göngu- og hjólaleiðir. Með því má tryggja að leikskólinn verði ekki aðeins mikilvæg viðbót við þjónustu borgarinnar heldur einnig öruggur og vandaður staður fyrir börn, foreldra og starfsfólk.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar styðja uppbyggingu leikskóla á Fossvogsbletti 2-2A en lýsa þungum áhyggjum af því að tillagan gerir ráð fyrir 200 börnum án þess að umferðarskipulag mæti þeim raunveruleika. Við teljum áhyggjur nágranna eiga rétt á sér. Skýr krafa er gerð um að áætlanir um framfylgd tilmæla öryggisrýni liggi fyrir áður en deiliskipulagið verður staðfest. Tryggja þarf fjölgun hraðahindrana, einstefnu um stúta bílastæða og algjört bann við bifreiðastöðum í götukanti meðfram lóðinni og við gatnamót til að vernda sjónlínur og öryggi gangandi barna.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík